

Kópavogi, 23. september 2021

Tilvísun:

Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Freyja Haraldsdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F. Ólafsson.

Guðmundur Engilbertsson kom á fundinn kl. 14:15.

Oddný Sturludóttir sat fundinn undir lið 4.

Fjarverandi: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar og dagskrá fundarins
2. Frá mennta- og menningarmálaráðherra.
3. Menntastefna til 2030.
4. Menntafléttan, upphaf námskeiða 2021.
5. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir bárust um fundargerð síðasta fundar og dagskrá fundarins.
2. Kveðja frá mennta- og menningarmálaráðherra þar sem hún óskar kennararáði velgengni í starfi.
3. Sonja Dögg Pálsdóttir varaformaður kennararáðs kynnti aðgerðaráætlun I vegna menntastefnu til 2030. Aðgerðaráætlunin gildir frá 2021 til 2024. Umræður urðu um gildi áætlunarinnar til framtíðar með tilliti til kosninga. Bent á að menntastefnan er samþykkt þingsályktunartillaga.
4. Oddný Sturludóttir verkefnisstjóri Menntafléttunnar sagði frá því hvernig námskeið Menntafléttunnar fara af stað nú á fyrstu skrefum hennar í haust. Umræða um skilgreindan tíma fyrir starfsþróun annars vegar fyrir leikskólakennara og grunnskólakennara hins vegar.
5. Önnur mál.
 - a. Spurt um stöðuna á vinnunni við reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara. Sonja Dögg svaraði því til að ráðuneytið vinni að reglugerðinni.
 - b. Rafrænt vegabréf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Bréf frá kennararáði til KÍ hefur verið sent. Í umræðum kom fram að bréfið hefur verið lagt fyrir stjórn KÍ.
 - c. Minnt var á skólaping sveitarfélaga verður haldið 8. nóvember og kennararáð hvatt til að sækja þingið.

Næsti fundur: 28. október 2021 kl. 13:00-15:00

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ